

**Nd.**

**137. Átt**

minni hluta nefndarinnar.

um frv. til laga um sparisjóð.

Vjer höfum eigi geta orðið samdóma meiri hluta nefndarinnar um meginatriði frv., *umsjónarmann sparisjóða*. Vjer fáum eigi sjeð að brýna nauðsyn beri til að stofna nýja stöðu í þessu augnamiði, og hyggjum auk þess, að slíkur umsjónarmaður kæmi naumlega að tilætluðum notum.

Fyrst má geta þess, að sparisjóðir vorir hafa reynst öllum vonum framár og njóta yfirleitt almenningstrausts, að svo miklu leyti sem oss er kunnugt. Athugasemdir stjórnarinnar bera það og með sjer, að henni hefir hvorki verið kunn-

ugt um margar nje miklar misfellur hjá sjóðunum. Til þess að fá nokkru frekari vitneskju um þetta atriði, höfum vjer spurst fyrir hjá þingmönnum um hag og ástand 26 sparisjóða, sem þeim hefir verið vel kunnugt um. Eftir svörum þeirra að dæma eru þeir allir í góðra manna höndum og fyllilega tryggir, að einum fráskyldum, sem hefir sett meginhluta af innstæðufje sínu í verslun. Eigi að síður var þó talið, að hann myndi fyllilega geta staðið í skilum við alla. Oss virðist þetta benda til þess, að eftirlitsþörfin sje ekki brýn, að minsta kosti ekki allstaðar.

Þá teljum vjer sjálfsgagt að áhætta og eftirlitsþörf fari mjög eftir stærð sjóðanna. Við litinn sparisjóð er trygging ábyrgðarmanna þýðingarmikil og auk þess er almennngi kunnugt um allan hag sjóðsins. Miklu minni er hún við stóra sjóði. Þá er ólíku auðveldara að reka smásjóði, sem hafa fá útlán og óbrotin, en stóra sparisjóði með margbreyttum viðskiftum, víxlum og sjálfsskuldarábyrgðun.

Vjer teljum það fyrst um sinn nægilegt eftirlit, ef þeir sparisjóðir stæðu undir eftirliti, sem eiga fullar 100,000 kr., en minni sparisjóðir væru því að eins athugaðir, ef grunsamir þættu að einhverju leyti. 100,000 kr. eignir eiga nú að eins 3 sparisjóðir eftir skýrslum frá 1910 að dæma (Hafnarfjarðar, Árnessýslu og Sauðárkróks) en tveir aðrir ná innan skamms þeirri upphæð (Blönduós og Stykkishólms). Engin vandkvæði myndu vera á því, að fá hæfan mann til þess að líta eftir sjóðum þessum, þó eigi væri hann fastur starfsmaður, og sama mannninn mætti venjulega nota til þess ár eftir ár. Hvað þessa sjóði snertir, ætti því eftirlitið að verða jafntryggilegt en að mun ódýrara, en frv. gjörir ráð fyrir.

En hversu sem á mál þetta er litið, þá dylst oss eigi, að þó frumv. næði fram að ganga, þá verður eftir sem áður margt athugavert við fyrirkomulag sparisjóða vorra. Eins og frv. tekur fram er hlutverk þeirra umfram allt, að taka við fje manna og ávaxta það á sem tryggastan hátt. Hjer er mest á það litið að sjóðirnir reki allskonar bankastörf og bæti úr peningaleysi hjeraðanna. Í raun og veru þyrfti helst að greina sundur eiginlega sparisjóði og banka, en nú eru sparisjóðir vorir hvorttveggja í senn. Einfalda sparisjóði er auðvelt að reka vel og tryggilega. Fram úr banka og peningþörf hjeraðanna hefði helst þyrft að greiða útaf fyrir sig. Eins og nú er hátað fá sjóðirnir fje sitt úr sama hjeradinu og útlán ganga til. Ef óáran gengur yfir hjeraðið er viðbúið að fje tæmist úr hverjum sjóði, þegar verst gegnir.

Af þessum ástæðum og ýmsum öðrum, virðist oss frumvarpið að miklu leyti bót á gamalt fat, sem ekki geti orðið til frambúðar. En sökum þess að hæpið er, að bót verði á þessu ráðin í fljótu bili, viljum vjer koma á eftirliti með stærstu sjóðunum og leggjum til að eftirfarandi breytingar, er lúta að eptirliti sparisjóða, sjeu geurðar á frumvarpinu. Um aðrar breytingar erum vjer sammála meiri hluta nefndarinnar. Þó sumar þeirra rýri ef til vill að nokkru tryggingu sjóðanna, þá teljum vjer þær sem stendur nauðsynlegar, vegna staðháttu vorra, og áhættulitlar.

## BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 7. gr. Á eftir orðunum »lán úr sjóðnum« komi:  
nema aðalfundur leyfi.
2. — 8. gr. Í stað síðustu orðanna: »umsjónarmanni sparisjóða« komi:  
stjórnarráðinu.
3. — 12. gr. Orðin »eftir tillögum umsjónarmanns« falli burt.
4. — 16. gr. Orðin »og umsjónarmanni sparisjóðanna« falli burt.
5. — 19. gr. Orðin »Ella sendi — misfellurnar« falli burt.
6. — 20. gr. Orðin »að dómi umsjónarmanns sparisjóða« falli burt.
7. — 20. gr. »Umsjónarmanni — síðan« falli burt.
8. — 22. og 23. grein falli burt; í stað þeirra komi:

### 21. gr.

Stjórnarráðið hefir eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra. Það lætur svo oft sem nauðsyn krefur bankafróðan mann athuga nákvæmlega allan hag, starfsemi og fyrirkomulag þeirra sparisjóða, sem eiga 100,000 kr. eignir eða meira. Að loknu eftirliti gefur hann stjórninni nákvæma skýrslu um alt ástand sjóðanna og hag þeirra. Aðra sparisjóði skal og athuga, ef sjerstök nauðsyn þykir bera til.

Eftirlitsmaður getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóðanna, allan hag þeirra og fyrirkomulag. Skylt er og stjórnendum og starfsmönnum sparisjóða, að láta stjórnarráðinu í tje, allar skýrslur um rekstur sparisjóða og allan hag þeirra, sem nauðsyn þykir að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum, alt að 5 kr. á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeigenda. Sektarfjeð rennur í landssjóð og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa eftirlitsmanni.

Í fjárlögum skal veita hæfilega upphæð til eftirlits með sparisjóðum.

8. 24. gr. orðist þannig:

Fyrir eftirlit greiðir hver sparisjóður 1 af 1000 af sparisjóðsinnstæðufjenu hvert það ár, sem eftirlitsmaður athugar sjóðinn. Gjaldið fellur í landssjóð og má taka það lögtaki.

Alþingi, 17. júlí 1914.

Guðm. Hannesson,  
framsögum. minnihl.

Guðm. Eggerz.

Stefán Stefánsson 2. þm. Eyf.,  
með fyrirvara.